

reglur sem honum er settar af stjórn stofnunarinnar og/eða samkvæmt samþykktum þessum ásamt sjóðsvörzlu og reikningshaldi. Í samráði við stjórn ræður framkvæmdastjóri og segir upp starfsmönnum stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri skal og sitja fundi stjórnar stofnunarinnar og hafa málfrelsi og tillögurétt, þó ekki í því tilvik, að rætt sé um málefni, er varða hann persónulega. Framkvæmdastjóri skal leita úrskurðar stjórnar um mikilsverð málefni sem stofnunina varða, og heimilt er honum að leita álits hennar um hvert það mál, sem hann óskar. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar, sem þessir aðilar óska.

10. gr.

Reikningshald, endurskoðun og ársskýrsla.

Starfsár stofnunarinnar og reikningsár er almanaksárið. Stjórn ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga stofnunarinnar. Þeir skulu gerðir upp og lagðir fyrir stjórn eigi síðar en í júní hvert ár ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Reikningum skal fylgja umsögn endurskoðanda. Á sama fundi skal leggja fram ársskýrslu.

11. gr.

Í 5. gr. laga um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins segir svo:

Kostnaður af rekstri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skal greiðast fyrst um sinn af árlegri fjárveitingu ríkissjóðs og framlagi annarra stofnenda. Auk þess skal Útflutningsmiðstöðinni heimilt að krefjast þóknunar af þeim aðilum sem hún veitir þjónustu.

Framkvæmdastjóri ákveður í samráði við stjórn hve há fyrrgreind þóknun skuli vera á hverjum tíma. Innan hæfilegs tíma verði kannað af stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins í samráði við framleiðendur, hvort eðlilegt sé að taka upp fjármögnun á starfi stofnunarinnar með öðrum hætti, t. d. með því að leggja á útflutningsgjald.

12. gr.

Stofnskrá þessi er gerð skv. 6. gr. laga nr. 14 frá 30. marz 1971 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1971.

Magnús Kjartansson.

Árni Þ. Arnason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stöðumælar verða settir upp á Vegamótastíg, Klapparstíg og Grettisgötu vestan Klapparstígs. Gjald fyrir afnot stöðumælaeita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur og hámarksstöðufími ein klukkustund.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 26. ágúst 1971.

Sigurjón Sigurðsson.